



Minnisblað Náttúrufræðistofnunar Íslands

Straumendur við Tungufljót og Brúará 2019

Haustið 2016 óskaði HS Orka eftir því að Náttúrufræðistofnun Íslands rannsakaði frekar straumandavarp á og í grennd við framkvæmdarsvæði fyrirhugaðrar Brúarvirkjunar við Tungufljót, sbr. álit Skipulagsstofnunar (Minnisblað Náttúrufræðistofnunar, Íslands Um straumendur við Tungufljót, 25. ágúst 2017). Árið 2017 voru farnar tvær könnunarferðir til að kanna útbreiðslu og varp straumanda við Tungufljót. Í júní 2018 var samþykkt vöktunaráætlun næstu fimm árin um vöktun straumanda við Tungufljót auk samanburðartalninga á sambærilegri á, Brúará í Biskupstungum. Farnar voru tvær ferðir að þessum ám á svipuðum tíma og árið áður.




Sumarið 2019 voru farnir tvær talningarferðir með sama sniði og árin áður. Tveir menn gengu meðfram austurbakka Tungufljóts, frá nyrstu upptakakvíslum að brú við Þjóðveg, um 17 km alls. Þriðji talningarmaðurinn gekk meðfram vesturbakka Brúarár frá Brúarárskörðum að brú við Þjóðveg og þaðan meðfram austurbakka að Fullsæll, um 16 km alls. Allir fuglar sem vart varð við voru skráðir, en sérstaklega leitað eftir straumöndum.

Könnun 27.5. 2019: Alls fundust 19 straumendur (4 pör og 11 steggir) á 5 stöðum við efri hluta Tungufljóts (ofan vaðs við Krosshóla) og á 7 stöðum við syðri hlutann. Þar af var einn steggur á framkvæmdarsvæðinu (syðsti rauði punkturinn, 3. mynd Tungufljót).

Á Brúará fundust 11 straumendur (4 pör og 3 steggir) á 3 stöðum á um það bil 8 km löngum kafla frá Kálfá Fremri og niður að brú við Þjóðveg (5. mynd Brúará; 1. tafla).

Könnun 14.8. 2019: Í seinni ferðinni við Tungufljót fannst straumandakolla með 6 unga á efri hluta árinna og tvær kollur með með 6 unga og 3 unga á syðri hlutanum, rétt fyrir ofan stíflustæðið á sama stað og 6 kollur fundust 2018 á þeim tíma (syðri guli punkturinn, 3. mynd Tungufljót).

Á Brúará fundust í seinni ferðinni kvenfugl með 8 unga og kvenfugl með 5 unga. Fuglarnir voru á 2 stöðum á um það bil 4 km löngum kafla (5. mynd Brúará; 1. tafla).





Skýringarmynd Tungufljót 2017, 2018 og 2019

1. mynd (2017 efst til vinstri). Hvíta línan er leiðin sem gengin var meðfram Tungufljóti. Punktalínurnar voru bara gegnar í fyrri ferð, þ.e. meðfram vestari upptakakvísl Tungufljóts og meðfram Stóru-Grjóta. Rauðu punktarnir sýna staði þar sem straumendur sáu 31.5.2017. Guli punkturinn er þar sem fimm straumandakollurnar sáu 2.8.2017 og blái punkturinn er þar sem straumandasteggur sást í talningu 18.6.2015.

2. mynd (2018 efst til hægri). Hvíta línan er leiðin sem gengin var meðfram Tungufljóti. Rauðu punktarnir sýna staði þar sem straumendur sáu 5.6.2018. Guli punkturinn er þar sem átta straumandakollurnar sáu 16.8.2018.

3. mynd (2019 neðst til vinstri). Hvíta línan er leiðin sem gengin var meðfram Tungufljóti. Rauðu punktarnir sýna staði þar sem straumendur sáu 27.5.2019. Gulu punktarnir sýna staðirnir þar sem straumandakollur með unga sáu 14.8.2019.



4. mynd Brúará (2018 vinstri). Hvíta línan er leiðin sem gengin var meðfram Brúará, punktalínan var einungis gengin í fyrri ferð. Rauðu punktarnir sýna staði þar sem straumendur sáuist 5.6.2018. Gulu punktarnir sýna staði þar sem straumendur sáuist 16.8.2018.

5. mynd Brúará (2019 hægri). Hvíta línan er leiðin sem gengin var meðfram Brúará. Rauðu punktarnir sýna staði þar sem straumendur sáuist 27.5.2019. Gulu punktarnir sýna staði þar sem straumendur sáuist 14.8.2019.

Samantekt

Líkt og 2017 og 2018 fundust fleiri straumendur snemma sumars en síðsumars og eins voru allir straumandarsteggir horfnir af ánni síðsumars. Við Tungufljót voru 19 fullorðnir fuglar í fyrri talningu 2019 og 3 í þeirri seinni. Við Brúará voru 11 fullorðnir fuglar í fyrri talningu og 2 í þeirri seinni (1. tafla). Í talningum síðsumars 2019 fundist í þetta sinn engir ungalausir kvenfuglahópar við Tungufljót eins og árin 2017 og 2018 og í talningu 2018 við Brúará. Á hinn bóginn fundust alls níu nær fullvaxnir ungar með tveimur kollur á Tungufljóti skammt ofan stíflustæðis. Engir ungar fundust á ánni 2017 og 2018.



Athugarnir frá 2015, 2017, 2018 og 2019 benda til þess að svæðið skammt ofan við stíflustæðið í Tungufljóti sé mikilvægasta straumandasvæðið í ánni en þar hafa fundust straumendur í öllum talningum nema í síðsumarstalningu 2017.

1. tafla. Fullorðnar straumendur á rannsóknasvæðinu 2017, 2018 og 2019.

Ár	Tungufljót			Brúará			Alls
	kk	kvk	alls	kk	kvk	alls	
2017 - 1	13	6	19	-	-	-	19
2017 - 2	0	5	5	-	-	-	5
2018 - 1	6	6	10	12	10	22	32
2018 - 2	0	8	8	0	6	6	14
2019 - 1	15	4	19	7	4	11	30
2019 - 2	0	3	3	0	2	2	5